FUNDARGERÐ 533. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 16. september 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Hrannar Bragi Eyjólfsson.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Björn Jóhannesson, Hjördís Ýr Johnson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Jana Katrín Knútsdóttir, Sigrún Ásta Einarsdóttir, og Viktor Pétur Finnsson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Uppfærð drög að fjárhagsáætlun SORPU fyrir árin 2027-2031 kynnt

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir uppfærðum drögum að fjárhagsáætlun SORPU fyrir árin 2027-2031.

Fjárhagsáætlun verður kynnt stjórn á aukafundi stjórnar, sem mánudaginn 28. september klukkan 08:30.

2. Gjaldskrárbreytingar

Fjármálastjóri gerir grein fyrir tillögum að breytingum á gjaldskrá.

Lagt er til að gjaldskrá hækki um 2,96% þann 1. október. Í samþykktri áætlun fyrir árið 2026 var gert ráð fyrir 3,5% hækkun þann 1. júlí sl., en ekki reyndist þörf á svo mikilli hækkun.

Stjórn samþykkir tillöguna og bókar:

> *„Ljóst er að SORPA stendur frammi fyrir kostnaðarhækkunum. Þrátt fyrir það hefur stjórnin lagt áherslu á að halda gjaldskrárhækkunum í lágmarki, samhliða áframhaldandi aðhaldi og hagkvæmni í rekstri. Stjórn SORPU hvetur ríki og opinberar stofnanir til að gæta með sama hætti aðhalds og stuðla þannig að auknum stöðugleika í efnahagslífinu.“*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11.2026

3. Staða ESA-málsins

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, lögmaður, tekur sæti á fundinum undir þessum lið og gerir grein fyrir stöðu ESA-málsins. Í kjölfar viðræðna við ESA í sumar hefur verið gengið frá breyttri útfærslu á fyrirkomulagi efnahagslegrar starfsemi SORPU. Ekki er lengur gert ráð fyrir stofnun tveggja dótturfélaga, heldur verður efnahagslegri starfsemi komið fyrir í einu dótturfélagi.

4. Úrskurður umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytis um málefni Úrvinnslusjóðs

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir kröfu SORPU á hendur Úrvinnslusjóði vegna flokkunar á drykkjarfernum. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið komst þann 31. júlí sl. að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Úrvinnslusjóðs um að hafna kröfu SORPU um greiðslu kostnaðar fyrir flokkun á drykkjarfernum frá öðrum pappír hafi ekki verið stjórnvaldsákvörðun, og því ekki kæranleg til ráðuneytisins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vísa niðurstöðu ráðuneytisins til Umboðsmanns Alþingis til meðferðar.

5. Málefni endurvinnslustöðva: skýrsla starfshóps um framtíðarskipan endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu

Bryndís Skúladóttir, ráðgjafi hjá VSÓ, tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Framkvæmdastjóri, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Bryndís gera grein fyrir skýrslu starfshóps um framtíðarskipan endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að stofna starfshóp til að vinna á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Hópurinn skal samanstandi af starfsmönnum SORPU, fulltrúum stjórnar SORPU, starfsmönnum sveitarfélaganna sem standa að SORPU og kjörnum fulltrúum öðrum en þeim sem sitja í stjórn SORPU ef þurfa þykir.

Starfshópurinn á að skila stjórn greiningu á sviðsmyndunum sem lagðar eru til í skýrslunni, ásamt áætlun um hvernig megi vinna að þeirri sviðsmynd sem best kemur út á næstu árum, á reglulegum fundi stjórnar í febrúar 2027.

Bryndís víkur af fundi.

Sviðsstjóri þjónustu og samskiptasviðs gerir auk þess grein fyrir minnkandi aðsókn á endurvinnslustöðvarnar við Dalveg og Jafnasel á morgnana.

Lagt er til að opnunartími stöðvanna tveggja taki breytingum eftir árstímum:

- Yfir sumarmánuðina, frá 16. maí til 15. ágúst, verður opnunartími 09:00-19:00 alla daga.
- Yfir vetrarmánuðina, frá 16. ágúst til 15. maí, verður opnunartími 12:00-18:30 alla daga.

Opnunartími taki breytingum fyrsta árið eigi síðar en 1. janúar 2027.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur framkvæmdastjóra að útfæra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11.2026

6. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er boðaður mánudaginn 28. september 2026 klukkan 08:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar er boðaður 21. október 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:20.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11.2026

Undirritunarsíða

Hrannar Bragi Eyjólfsson



Undirritað af:
Hrannar Bragi Eyjólfsson
2512952049
Dags: 30.09.2026
Tími: 16:57:15
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8ed2f4eb-322c-4611-98d7-3ffdc470d96f

Jana Katrín Knútsdóttir



Undirritað af:
Jana Katrín Knútsdóttir
0310862649
Dags: 30.09.2026
Tími: 17:51:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8ed2f4eb-322c-4611-98d7-3ffdc470d96f

Hjördís Ýr Johnson



Undirritað af:
Hjördís Ýr Johnson
1812695619
Dags: 30.09.2026
Tími: 15:36:39
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8ed2f4eb-322c-4611-98d7-3ffdc470d96f

Björn Jóhannesson



Undirritað af:
Björn Jóhannesson
0402733959
Dags: 30.09.2026
Tími: 15:48:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8ed2f4eb-322c-4611-98d7-3ffdc470d96f

Sigrún Ásta Einarsdóttir



Undirritað af:
Sigrún Ásta Einarsdóttir
0809804859
Dags: 30.09.2026
Tími: 15:21:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8ed2f4eb-322c-4611-98d7-3ffdc470d96f

Viktor Pétur Finnsson



Undirritað af:
Viktor Pétur Finnsson
2610992339
Dags: 01.10.2026
Tími: 15:23:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8ed2f4eb-322c-4611-98d7-3ffdc470d96f

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11.2026